




Hríslan

Verkefnahugmyndir
stofnana og fyrirtækja
á Austurlandi



Inngangur

Hér fer á eftir yfirlit um nokkrar stofnanir og fyrirtæki á Austurlandi sem stunda ýmiskonar rannsókn- og nýsköpunarstörf og hugmyndir þessara aðila að verkefnum sem hentað gætu háskólanemum sem námsverkefni. Um er að ræða hugmyndir að stórum og smáum verkefnum hagnýtum og fræðilegum. Reikna má með að nemar geti fengið aðstöðu og ýmiskonar aðstoð en misjafnt er hvort einhver laun eða styrkir eru í boði.

Þótt sumar stofnanir og fyrirtæki sem hér eru talin hafi ekki lagt fram afmarkaðar verkefnahugmyndir á listann að sinni geta áhugasamir haft samband við viðkomandi og kynnt sér möguleika á að vinna þar námsverkefni. Verkefnahugmyndirnar er einnig hægt að finna á vefnum www.rannsoknatorg.is.

Til að kynna sér nánar einstakar hugmyndir má hafa samband við tengilið hjá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Endanleg útfærsla námsverkefnis útfrá hugmynd verður að lokum samvinna þess sem á verkefnishugmyndina, nemanda og kennara hans.

Stofnanir - Fyrirtæki

Háskólasetrið á Hornafirði

Nýheimum, Litlu brú 2, 780 Höfn - Sími: 470 8040
www.stofnanir.hi.is/hornafjordur

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Þorvarður Árnason, thorvarn@hi.is

Fjöldi starfsmanna: 6

Helstu fagsvið: Meginviðfangsefni fræðasetursins hafa frá upphafi verið rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar, einkum í tengslum við ferðajónustu og starfsemi á fríðlýstum svæðum. Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á sviði jöklafræði, loftslagsbreytinga, þjóðfræði, bókmennta og lista.

Heilbrigðisstofnun Austurlands - HSA

Skrifstofa forstjóra,
Lagarás 22, 700 Egilsstaðir - Sími: 470 1400
www.hsa.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Stefán Þórarinnsson, framkvæmdastjóri lækninga, stefanth@hsa.is og Lilja Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, lilja@hsa.is.

Umfang starfsemi: Heilbrigðisþjónusta á öllu Austurlandi, 3 sjúkrahús, 12 heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili, alls um 270 stöðugildi árið 2008.

Helstu fagsvið: Annast heilbrigðisþjónustu á Austurlandi frá Vopnafirði til Djúpavogs. Hjá stofnuninni starfa margir háskólamenntaðir starfsmenn, einkum á sviði hjúkrunar og lækninga en einnig við rekstur heilbrigðisþjónustu.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir - Sími: 471 1417
www.heraust.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Hrafnkell Lárússon, hl@heraust.is

Fjöldi starfsmanna: 3 fastir starfsmenn.

Helstu fagsvið: Skjalavarsla (varðveisla og skráning) – bæði opinber skjöl og einkaskjöl, söfnun ljósmynda (varðveisla og skráning), viðhald og rekstur rannsóknabókasafns / timaritafans, saga og þróun samfélags á Austurlandi, sagnfræði, fornleifafræði, félagsfræði, mannfræði, þjóðfræði og ættfræði.

Héraðs- og Austurlandsskógar

Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir - Sími: 471 2184
www.heradsskogar.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Sherry Curl, sherry@skogur.is

Fjöldi starfsmanna: 6

Helstu fagsvið: Héraðs- og Austurlandsskógar hafa umsjón með öllum hliðum skógræktar hjá samningsbundnum aðilum vegna landshlutabundinnar skógræktar á Austurlandi. Spannar það skipulagningu skógræktarlands, umsjón með plöntun ásamt umhirðu og grisjun sem og úrvinnslu þess sem til fellur í skógunum. Héraðs og Austurlandsskógar hafa umsjón með og framkvæma rannsóknir í samræmi við starfsemina.

Verkefnahugmyndir:

- Áburðartilraun, prófun ýmissa áburðartegunda og aðferða

Kaupvangur á Vopnafirði

Hafnarbyggð 4, 690

Vopnafjörður - Sími: 470 3850

www.vopnafjardarhreppur.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Þórunn Egilsdóttir, thorunn@tna.is

Fjöldi starfsmanna: 1-2 í fullu starfi.

Helstu fagsvið: Sagnfræði, menningarminjar, menntunarmál.

Verkefnahugmyndir:

- Fólk, samfélag og hugarfar á Norðausturlandi 1850–1900.

Landgræðsla ríkisins, héraðssetur

Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir - Sími: 471 2121

www.land.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Guðrún Schmidt, guðrun.schmidt@land.is

Fjöldi starfsmanna: 1 starfsmaður á

Egilsstöðum, um 60 á landsvísi.

Helstu fagsvið: Héraðssetur Landgræðslunnar á Austurlandi annast skipulagningu og umsjón með landgræðsluverkefnum í Norður- og Suður-Múlasýslu, hefur eftirlit með ástandi gróðurs og jarðvegs og veitir ráðgjöf um landgræðslustörf og landnýtingu.

Verkefnahugmyndir:

- Könnun á viðhorfum bænda til uppgræðslu.

Mátis Ohf

Nýheimar, Litlu brú 2, 780 Höfn - Sími: 858 5046

Mjólkursstöðin Egilsstöðum, 700 Egilsstaðir

og Búland, Mýrargötu 10, 740 Fjarðabyggð

www.matis.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Guðmundur H. Gunnarsson,

guðmundur.h.gunnarsson@matis.is

Fjöldi starfsmanna: 6 á Austurlandi

Helstu fagsvið: Lífefnafræði, erfðafræði, smáframléiðsla matvæla, vöruþróun, kæliferlar, nýsköpun, efnagreiningar.

Minjasafn Austurlands

Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir - Sími: 471 1412

www.minjasafn.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Elfa Hlín Pétursdóttir, minjasafn@minjasafn.is,

Michelle Lynn Mielnik, michelle@minjasafn.is

Fjöldi starfsmanna: 4 í 3 stöðugildum

Helstu fagsvið: Þjóðfræði, sagnfræði, listfræði, handverk, fornleifafræði, ferðaþjónusta, safnafræði.

Verkefnahugmyndir:

- Efnismenning bændasamfélagsins
- Handverk
- Kjarval og Hvammurinn
- Menningartengd ferðaþjónusta
- Safnfræðsla
- Sigfús Sigfússon og þjóðsögur hans
- Sköpunarþörf og íslenskt bændasamfélag
- Þéttbýlismyndun - fyrstu ár Egilsstaðabæjar og sjálfsmýnd íbúa

Náttúrustofa Austurlands

Búland, Mýrargötu 10, 740 Neskaupstaður

Sími: 477 1774

www.na.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Jón Ágúst Jónsson, jon@na.is

Fjöldi starfsmanna: 6-8 á ársgrundvelli.

Helstu fagsvið: Náttúrufræði, einkum hreindýra- og fuglafræði, vistfræði gróðurs og umhverfisáhrif framkvæmda t.d. áhrif álvera á náttúrulegt lífríki, náttúruverndar- og umhverfismál.

Verkefnahugmyndir:

- Ferðamennska utan hefðbundins ferðamannatíma á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs
- Framvinda gróðurs við Brúarjökul
- Heiðargæs á Fljótsdalsöræfum
- Hreindýr á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs
- Hreindýraveiðar á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs
- Lækjalontur á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs
- Rjúpnaveiði á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Skálanessetur ehf

Hafnargata 42, 710 Seyðisfjörður - Sími: 861 7008
www.skalanes.com

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Ólafur Pétursson, skalanes@skalanes.com

Fjöldi starfsmanna: 3-5 á ársgrundvelli.

Helstu fagsvið: Náttúruvísindi og menningararfleifið.

Skógrækt ríkisins

Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir - Sími: 471 2100
www.skogur.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Sherry Curl, sherry@skogur.is og Ólafur

Eggertsson sérfræðingur, Rannsóknastöð

Skógræktar ríkisins á Mógilsá, olie@skogur.is

Fjöldi starfsmanna: Um 50 starfsmenn um allt land.

Helstu fagsvið: Skógræði, Náttúruvísindi.

Verkefnahugmyndir:

- Gæði lerkiviðar, rúmþyngd, styrkur og slitþol
- Ranaskógur á Héraði, áhrif umhverfisþátta á vöxt og viðgang skógarins.
- Öskjugosið árið 1875. Dreifing og þykkt gjósku á Héraði.

Skólaskrifstofa Austurlands

Búðareyri 4, 730 Reyðarfjörður - Sími: 474 1211
www.skolaust.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Sigurbjörn Marinósson, sigurbjorn@skolaust.is

Fjöldi starfsmanna: 6

Helstu fagsvið: Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla á Austurlandi. Sérfræðiþjónustan felst í stuðningi við nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsemi skóla. Stuðningurinn er m.a. fölginn í forvörnum, greiningum og ráðgjöf. Almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf og á sálfræði- og félagslegum erfiðleikum.

Stofnun Gunnars Gunnarssonar

Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir - Sími: 471 2990
www.skriduklaustur.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Skúli Björn Gunnarsson, skuli@skriduklaustur.is

Fjöldi starfsmanna: 2

Helstu fagsvið: Íslenskar bókmenntir, þjóðfræði, saga Gunnars Gunnarssonar.

Verkefnahugmyndir:

- Gunnar Gunnarsson og Kalda Stríðið
- Ljósmyndasafn Gunnars Gunnarssonar
- Saga Gunnarshúss á Skriðuklaustri
- Skriðuklaustursumboð

Vatnajökulspjóðgarður

- Austursvæði

Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir - Sími: 470 0840
www.vatnajokulsthjodgardur.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Agnes Brá Birgisdóttir,

agnes@vatnajokulsthjodgardur.is

Fjöldi starfsmanna: 2 fastir starfsmenn og 5-7 sumarstarfsmenn.

Helstu fagsvið: Náttúruvernd, landvarsla, mót-taka ferðamanna, upplýsingagjöf og fræðsla, áhrif ferðamanna á umhverfið, náttúrufræði, ágangar tegundir og fleira. Matvæli og vörubrún.

Verkefnahugmyndir:

- Greining tækifæra í vetrarferðaþjónustu á Snæfellsöræfum og/eða í Kverkfjöllum
- Gæsaveiðar innan þjóðgarðs.

Verkefnahugmyndir Náttúrustofu Austurlands í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð:

- Ferðamennska utan hefðbundins ferðamanna-tíma á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs
- Hreindýr á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs
- Hreindýraveiðar á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs
- Lækjalontur á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs
- Rjúpnaveiði á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður

- Suðursvæði

Skaftafell, 785 Fagurhólsmýri - Sími: 470 8300

www.vatnajokulsthjodgardur.is

Tengiliðir vegna rannsóknaverkefna: Regína Hreinsdóttir, regina@vatnajokulsthjodgardur.is og Guðmundur Ögmundsson, gudmundur@vatnajokulsthjodgardur.is.

Fjöldi starfsmanna: 3 fastir starfsmenn og 10-12 sumarstarfsmenn.

Helstu fagsvið: Náttúruvernd, landvarsla, mót-taka ferðamanna, upplýsingagjöf og fræðsla, áhrif ferðamanna á umhverfið, náttúrufræði, ágengar tegundir og fleira. Matvæli og vöruþróun.

Verkefnahugmyndir:

- Bæjarstaðaskógur
- Greining tækifæra í vetrarferðþjónustu á Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs
- Líf í tjörnum á Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Minkur og refur í Skaftafelli
- Rannsókn á þölmörkum ferðþjónustu í Skaftafelli.
- Útbreiðsla lúpínu

Þekkingarnet Austurlands

Tjarnarbraut 39e, 700 Egilsstaðir - Sími: 470 3830

www.tna.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Guðrún Á. Jónsdóttir, guðruna@tna.is

Fjöldi starfsmanna: 10-11 á ársgrundvelli.

Helstu fagsvið: Símenntun og fullorðinsfræðsla, möguleikar dreifbýlisfólks til háskólamenntunar, dreifnám og netháskóli, uppbygging vísinda- og þekkingarstarfs í dreifbýli.

Verkefnahugmyndir:

- Fjölkjarnasamfélagið Austurland
- Fræðastarf á Austurlandi
- Sameining sveitarfélaga - reynsla annarra
- Vegvísar í uppbyggingu þekkingarstarfs
- Viðhorf til fjarnáms á háskólastigi

Þórbergssetur

Hali, Suðursveit, 781 Hornafjörður - Sími: 478 1078

www.thorbergssetur.is

Tengiliður vegna rannsóknaverkefna:

Þorbjörg Arnórsdóttir, hali@hali.is

Fjöldi starfsmanna: 1 og ½ stöðugildi

Helstu fagsvið: Bókmenntir, menningarferðþjónusta, saga, náttúra, fornleifaskráning, skráning örnefna og búsetuminja, vöruþróun, miðaldasaga, ættfræði, matvæli og vöruþróun.



Verkefnahugmyndir

Áburðartilraun, prófun ýmissa áburðartegunda og aðferða

Héraðs og Austurlandsskógar, Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir.

Tengiliðir: Hlynur G. Sigurðsson, hlynur@heradsskogar.is, Sherry Curl, sherry@skogur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Athuga viðbrögð plantna við mismunandi áburði, áburðarskömmum og aðferðum.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Komast að því hvaða áburður, skammtur og aðferð, hentar best fyrir birki, furu, lerki og greni hvað varðar annars vegar lífun og hins vegar vöxt. Einnig má bera saman mismunandi vaxtarskilyrði á borð við jarðveg, gróðurþekju, veðurfar og seltu.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Margar mismunandi áburðartegundir með mismunandi efnainnihald eru á markaðnum. Með tilraun sem þessari er reynt að fá afgerandi svör við því hvaða tegund hentar hverri plöntutegund og við hvaða aðstæður. Tilraunin var sett út vorið 2009 af Héraðs- og Austurlandsskógum í samvinnu við Norðurlandskóga, sem settu þá út áþekka tilraun.

Valdir voru tveir ólíkir staðir á Austurlandi, annar í Stöðvarfirði og hinn á Fljótsdalshéraði. Reynt var að hafa aðstæður að öðru leiti eins líkar og kostur var, þ.e. gróðurþekja og halli í landinu.

Þær tegundir sem eru notaðar við þessa tilraun eru íslenskt birki, lindifura, sitkabastarður og rússalerki. Þær áburðargerðir sem eru notaðar eru Flex (mismunandi skammtar, fljótandi áburður), SilvaPak (áburður í einskona "tepoka"), Sprettur, Gróska og Bláskorn sem allt er hefðbundinn kornáburður.

Lagt er til að lok áburðartilraunarinnar séu um haustið 2011, þá hafa liðið þrjár vaxtarlotur og niðurstöður líklega komnar.

Bæjarstaðaskógur

Vatnajökulspjóðgarður - Suðursvæði, Skaftafell, 785 Örfæfi

Tengiliður: Regína Hreinsdóttir, regina@vatnajokulsthjodgardur.is

Markmið verkefnis í hnotskurn: Kortlagning út-breiddslu Bæjarstaðarskógar, nýliðun hans o.fl.

Efnismenning bændasamfélagsins

Minjasafn Austurlands, Laufskógar 1,
700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir,
minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Efnismenning,
bændasamfélag, safnkostur.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að kanna efnis-
menningu bændasamfélags 19. aldar.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Safnkostur
Minjasafns Austurlands telur næstum 10.000
muni og er mikill meirihluti þeirra tengdur ís-
lensku bændasamfélagi á 19. og byrjun 20. aldar.
Með því að greina þá og gera á þeim úttekt mætti
skoða ýmsa þætti efnismenningar þessa tíma.

Þar, eins og oft áður er helsta vandamál rannsak-
andans að takmarka sig enda er hægt að nálgast
viðfangsefnið á fjölmarga máta, efnismenning
barna, kvenna og karla og munurinn þar á, hvað
taldist vera persónulegir munir og margt annað.
Þá mætti líka skoða breytingar á efnismenningu
mismunandi tímabila og teygja sig inn í þéttbýlis-
myndun.

Ferðamennska utan hefð- bundins ferðamannatíma á Austursvæði Vatnajökuls- þjóðgarðs

Náttúrustofa Austurlands, Mýrgata 10,
740 Neskaupstaður

Tengiliður verkefnis: Skarphédinn G. Þórisson,
skarphedinn@na.is (Unnið verður í nánú sam-
starfi við þjóðgarðsvörð á Austursvæði Vatna-
jökulsþjóðgarðs).

Megin viðfangsefni verkefnis: Ferðamennska
utan hefðbundins ferðamannatíma á Austursvæði
Vatnajökulsþjóðgarðs

Markmið verkefnis í hnotskurn: Hverjir eru
möguleikar aukinnar sjálfbærrar ferðamennsku

í og við þjóðgarðinn vor og haust. Er hugsanlega
hægt að nýta heiðagæsavarpskoðun og hreindýra-
fengitímaskoðun til að lengja ferðamannatímamann?
Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Dæmi: gengið
frá Kárahnjúkastíflu út með gljúfrum og heiða-
gæsavarpið heimsótt – gist á Laugarvöllum þar sem
kominn væri vistlegur fjallaskáli. Gist í Laugarfelli
á vorin og heiðagæsavarp skoðað þar í kring. Gist
á haustin og fylgst með hreindýrum á fengitíma.
Slíkar ferðir eða aðrar líkar gætu ekki síst höfðað
til þeirra sem hafa gaman af því að taka myndir.
Kanna þarf hversu mikla ferðamennsku Snæfells-
öræfin þyldu á þessum tíma án þess að skaða varp
né trufla of atferli hreindýranna

Fjölkjarnasamfélagið Austurland

Þekkingarnet Austurlands, Tjarnarbraut 39e,
700 Egilsstaðir

Tengiliður: Stefanía G. Kristinsdóttir,
stefania@tna.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Stjórnsýsla sveitar-
félaga á Austurlandi og þróun hugmynda um skipulag
sameiginlegrar stjórnsýslu fyrir sameinað sveitarfélag
Austurlands.

Markmið verkefnisins í hnotskurn: Að greina þró-
un sveitarstjórnartígsins á Austurlandi og hvaða
breytingar þurfa að verða á stjórnsýslu sveitarfélag-
anna verði af sameiningu þeirra í eitt sveitarfélag,
samanber ályktun sveitarstjórnarmanna á aðalfundi
SSA 26. september síðastliðinn.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Þróun stjórn-
sýslu á Austurlandi hefur að stórum hluta átt sér
stað í sameiginlegum þjónustustofnunum sveit-
arfélaganna sem eru m.a. HSA, Heilbrigðiseftirlit
Austurlands, Þróunarfélag, Markaðsstofa, Menn-
ingarráð og Þekkingarnet Austurlands. Þá má
nefna Búnaðarsamband Austurlands og Svæðis-
skrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi. Hvernig
getur fjölkjarnasamfélagið Austurland þróað sína
stjórnsýslu og skipulag með það að leiðarljósi að
mæta þörfum íbúa í ólíkum samfélögum, tryggja
íbúalýðræði og hagsmuni þéttbýlis, sveita og
smærri byggðakjarna á Austurlandi?

Fólk, samfélag og hugarfar á Norðausturlandi 1850–1900

Kaupvangur, Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður

Tengiliður: Þórunn Egilsdóttir, thorunn@tna.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Búskapur, efna-hagur, vesturheimsferðir, heiðarbýli, hugarfar.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka með úrtaks- og þversniðsrannsóknnum búskapar- og lifnaðarhætti fólks á Norðausturlandi, bæði á heiðarbýlunum og niðri í sveitum milli ca. 1850 og 1900. Til samanburðar að varpa ljósi á hugarfar og kringumstæður þeirra sem fóru vestur um haf.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Heiðarbýlin á Norðausturlandi byggðust um og upp úr miðri 19. öld og jafnframt var mikill straumur fólks til Vesturheims á síðustu áratugum aldarinnar. Ætla mætti að fólk hafi verið að flýja heiðarbýlin, auk þess að flykkjast úr öðrum, þéttsetnum sveitum vestur um haf. Rannsókn á þessum fólksflutningum hefur sýnt að heiðarbýlin höfðu aðdráttarafl og stöðugt flutti þangað fólk, enda þótt margt fólk flytti þaðan líka m.a. til Vesturheims. Þarna birtist því nokkuð mótsagnakennd mynd sem ástæða er til að kanna og bera saman við aðrar sveitir á Austurlandi.

Nauðsynlegt er að rannsaka allar ytri kringumstæður þessa fólks sem settist að á heiðarbýlunum og þeirra sem fluttust vestur um haf. Einnig þarf að kanna ástand sveita og lifnaðarhætti fólks almennt en umtalsverðar breytingar og sveiflur urðu í þessum efnunum á seinni hluta 19. aldar, bæði af manna völdum og náttúrunnar. Þá er æskilegt að kanna hugarfar fólksins, eftir því sem heimildir hrökkva til, því þarna var mikil gerjun og hugarfarsleg endurnýjun á þessum tíma.

Heimildir til að rannsaka þessi viðfangsefni eru margvíslegar, t.d. manntöl og kirkjubækur, bækur og skjöl hreppa, t.d. um búnaðarástand, hag sveitarsjóðanna, eignir fólks og fleira. Einnig þarf að nýta ævisögur og ættfræðiheimildir, hvers kyns söguþætti og fróðleik um fólk og samfélag. Ótaldar eru þá rannsóknir t.d. á nýtingu jarða, sjávargagni og náttúrufari.

Rannsóknarverkefnið er viðamikilið en auðvelt er

að brjóta það niður í smærri og stærri kannanir á afmörkuðum efnunum. Þær gætu nýst í skólastarfi (grunn- og framhaldsskólum og á háskólastigi), allt eftir umfangi og því samhengi sem nota ætti þær í. Með tímanum gætu svo þessar afmörkuðu kannanir myndað samhangandi, yfirgrípsmikla þekkingu á viðfangsefninu öllu.

Framvinna gróðurs við Brúarjökul

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargötu 10, 740 Neskaupstað

Tengiliður verkefnis: Jón Ágúst Jónsson, jon@na.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Framvinna gróðurs norðan Brúarjökuls.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Kortleggja hop Brúarjökuls og framvindu gróðurs innan Jökulkvíslar og/eða í Kringilsárrana.

Fræðastarf á Austurlandi

Þekkingarnet Austurlands, Tjarnarbraut 39e, 700 Egilsstaðir

Tengiliður: Stefánía Kristinsdóttir, stefania@tna.is og Guðrún Á. Jónsdóttir, gudruna@tna.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Umfang og þróun rannsóknastarfsemi í dreifbýli, einkum á Austurlandi.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að greina og meta árangur rannsóknastarfsemi og þróunarstarfs í dreifbýli einkum á Austurlandi, m.t.t. atvinnuuppbyggingar, fjölbreytni atvinnulífs og sjálfsmyndar samfélaga.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Ýmsar smærri rannsóknastofnanir, útibú stærri stofnana og fræðasetur starfa nú á Austurlandi sem og víðs vegar um landið og má ætla að umfang rannsóknatengdrar starfsemi hafi aukist á síðustu árum. Þessi uppbygging virðist nokkuð tilviljanakennd en að

hluta svar við aukinni eftirspurn eftir rannsóknavinnu af ýmsu tagi og auknu framboði af menntuðu fólki.

Greina þarf þróun þessarar starfsemi, og skýra hlutverk rannsókna og þróunarstarfa við uppbyggingu atvinnu, menntunarmöguleika og sjálfsmynd einstakra svæða. Greina þarf gæði þess starfs sem unnið er og hvort viðfangsefni rannsókna í dreifbýli hafi einhver séreinkenni.

Greining tækifæra í vetrarferðþjónustu á Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður - Suðursvæði, Skaftafell, 785 Örafé

Tengiliður: Guðmundur Ögmundsson, guðmundur@vatnajokulsthjodgardur.is

Markmið verkefnis í hnotskurn:

- Eigindleg rannsókn sem tekur til framboðshliðarinnar, rætt við starfandi ferðþjónustuaðila og fólk sem er leiðandi í sýlluhópum (niche).
- Megindleg rannsókn sem tekur til eftirspurnar; Hvaða fólk er það sem er að koma hingað yfir vetrinn og hverjar eru óskir þess?

Greining tækifæra í vetrarferðþjónustu á Snæfellsöræfum og/eða í Kverkfjöllum

Vatnajökulsþjóðgarður – Austursvæði, Snæfellsstofa, Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir

Tengiliður: Agnes Brá Birgisdóttir, agnes@vatnajokulsthjodgardur.is

Meginviðfangsefni verkefnis: Að greina möguleg tækifæri í vetrarferðþjónustu á svæðinu.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka framboð á vetrarferðþjónustu, og kanna viðhorf ferðþjónustuaðila utan svæðis og innan, að kanna eftirspurn og væntingar ferðamanna. Að greina niðurstöður og draga ályktanir um álitlegar leiðir til frekari uppbyggingar á vetrarferðþjónustu.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Atvinnuuppbygging í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð er mikilvægur þáttur og oft er óljóst hvar tækifærin liggja. Mikil þörf er á frekari rannsóknum á sviði ferðþjónustu.

Gunnar Gunnarsson og kalda stríðið

Stofnun Gunnars Gunnarssonar, Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir

Tengiliður: Skúli Björn Gunnarsson, skuli@skriduklaustur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Staða Gunnars Gunnarssonar (GG) í íslensku samfélagi og bókmenntaheimi frá 1950 til 1970.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka flokkadrætti í menningarlífinu til vinstri og hægri út frá GG og hvernig þeir gegnsýrðu m.a. bókmenntaheiminn á kaldastríðsárunum sem kemur skýrt fram ef líf og ferill GG á þessum árum er skoðaður.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Á kaldastríðsárunum skiptist íslenskt samfélag í vinstri og hægri og bókmenntaheimurinn einnig. GG tók harða afstöðu á þessum árum gegn kommúnisma og var hrakyrturn fyrir af vinstri mönnum. Meiðyrðamál, Nóbelsverðlaun, gróusögur um Arnarhreidrið og fleira er góður efniviður í meistaraþrófsritgerð og rannsókn. Öll gögn Gunnars sjálfs eru aðgengileg í Þjóðarþókkhlöðu og á Skriðuklaustri er mikið safn af úrklippum frá þessum árum. Tilvalið verkefni í stjórnmálafræði eða sagnfræði.

Gæði lerkiviðar, rúmþyngd, styrkur og slitþol

Skógrækt ríkisins, Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir.

Tengiliðir: Ólafur Eggertsson, olie@skogur.is, Esther Ösp Gunnarsdóttir, esther@skogur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Lerki, viðargæði, tækniþræði, verkfræði, skógrækt, Austurland.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Markmið verkefnisins er að kanna eðliseiginleika lerkiviðar og notkunarmöguleika. Lerki er algengasta trjátegundin sem gróðursett hefur verið á Fljótsdals-heraði síðustu 40 árin (5000 ha). Nú er því mikil auðlind að vaxa upp og er byrjað að nýta viðinn. Ekki hafa farið fram rannsóknir á gæðum viðarins hérlandis.

Gæsaveiðar innan Þjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður – Austursvæði, Snæfellsstofa, Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir (í samstarfi við Náttúrustofu Austurlands)

Tengiliðir: Agnes Brá Birgisdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson, agnes@vatnajokulsthjodgardur.is, halldor@na.is, skarphedinn@na.is

Meginviðfangsefni verkefnis: Gæsaveiðar á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að fá fram mynd af umfangi gæsaveiðanna, hvar þær eru stundaðar, hvenær, hversu mikið og af hverjum. Kanna hvort æskilegt sé að koma á veiðikerfi eins og á rjúpu (sjá rjupa.is). Unnið í nánú samstarfi við Umhverfisstofnun.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Við stjórnun á nýtingu á gæsastofninum í Vatnajökulsþjóðgarði þurfa að liggja fyrir upplýsingar um þær veiðar sem stundaðar eru í dag. Mikill skortur er á upplýsingum um gæsaveiðar inn á þjóðgarðssvæðinu. Til að tryggja sjálfbærar veiðar eins og segir í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins þarf nákvæmari skráningu og upplýsingasöfnun en þá sem veiðikortakerfið býður upp á.



Handverk

Minjasafn Austurlands, Laufskógargata 1, 700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir, minjasafn@minjasafn.is

Meginviðfangsefni verkefnis: Sköpun, útskurður, hannyrðir, bændasamfélag, handverk.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að kortleggja útskurð og hannyrðir sem geymdar eru á Minjasafni Austurlands.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Í Minjasafni Austurlands eru varðveittir fjöldi fagurra muna sem hagleiksfólk fyrir alda gerði. Má þar nefna fjölmargar útskornar rúmþjalir, aðra útskorna muni úr tré og horni auk útsaumsstykkja. Áhugavert væri að skoða mynstur, hagleiksfólk, hvort að eitthvað einkenni austfirskt handverk o.s.frv.

Heiðargæs á Fljótsdalsöræfum

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargata 10, 740 Neskaupstað

Tengiliðir verkefnis: Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson, halldor@na.is; skarphedinn@na.is

Meginviðfangsefni verkefnis: Heiðargæs á Fljótsdalsöræfum og nýting hennar í gegnum tíðina.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Tína til ritaðar heimildir um nýtingu gæsa – og jafnvel álfta líka – á Fljótsdalsöræfum í gegnum tíðina. Leita að meintum gæsaréttum undir Fellum.

Hreindýr á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargata 10, 740 Neskaupstað (í samstafi við Vatnajökulsþjóðgarð)

Tengiliður verkefnis: Skarphéðinn G. Þórisson, skarphedinn@na.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Beitolönd hreindýra á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að draga fram þýðingu Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs í fortíð og framtíð fyrir Snæfellsjörðina og framtíð hreindýra á Austurlandi. Hefur fjölgun heidagæsa á svæðinu rýrt beitoland hreindýranna – er samkeppni um fæðu? Er hugsanlegt að hreindýrin geti nýtt sér gæsaskít?

Hreindýraveiðar á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargata 10, 740 Neskaupstað

Tengiliður verkefnis: Skarphéðinn G. Þórisson, skarphedinn@na.is (Unnið verður í nánú samstarfi við þjóðgarðsvörð á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs).

Markmið verkefnis í hnotskurn: Kanna möguleika á öðruvísi veiðum á Snæfellsöræfum. Veiðar að mestu án vélknúinna farartækja en á hestum.

Kjarval og Hvammurinn

Minjasafn Austurlands, Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir, minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Jóhannes Kjarval, listfræði, Kjarvalshvammur.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka dvöl Kjarvals í Kjarvalshvammi og þau verk sem hann vann að þar.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Í hvammi í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðaþinghá dvaldi Jóhannes Kjarval flest sumur árin 1948 til 1968. Hann byggði þar hús, það eina sem hann átti á ævinni, og sinnti þar list sinni. Auk þess fékk hann fjölda listamanna í heimsókn til sín þessi árin. Fróðlegt væri að rannsaka og kanna nánar hvenær hann dvaldi í Hvamminum, tala við þá sem muna eftir honum þaðan, leita uppi ljósmyndir en jafnframt gera listfræðilega úttekt á þeim verkum sem hann málaði á þessum tíma, sérstaklega þeim sem líklegt er að hann hafi unnið að í Hvamminum sjálfum.

Könnun á viðhorfum bænda til uppgræðslu

Landgræðsla ríkisins, héraðssetur, Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir.

Tengiliðir: Guðrún Schmidt, gudrun.schmidt@land.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Uppgræðsla, jarðvegs- og gróðureyðing, “Bændur græða landið”, viðhorfskönnun, mat á árangri.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að kanna viðhorf bænda til uppgræðslu almennt og til samstarfsverkefnisins “Bændur græða landið”, að kanna áhuga þeirra og reynslu við uppgræðslustörf og að leita hugmynda bænda við skipulag og framkvæmd verkefnisins.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Viðs vegar um landið vinna bændur mikilvægt uppgræðslustarf á sínum jörðum. Um 650 bændur taka þátt í samstarfsverkefni Landgræðslunnar og bænda “Bændur græða landið” (BGL) sem hófst árið 1990. Tilgangur verkefnisins er að styrkja bændur til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, þekja land gróðri og gera það nothæft á ný til landbúnaðar eða annarra nota.

Árið 1999 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal þátttakenda í BGL. Könnunin gaf mjög mikilvægar upplýsingar um m.a. helstu hvata til þess að bændur vinna að uppgræðslu landsins, aðferðarfræði, árangur og þörf fyrir fræðslu og leiðbeiningar. Slíkar upplýsingar gefa m.a. mikilvægan grunn til

að vinna að stefnumótun í BGL og gera það að enn betra samstarfsverkefni til að endurheimta röskuð vistkerfi.

Á þessu ári eru 10 ár liðin síðan þessi könnun var gerð. Hún er eina mælingin sem gerð hefur verið hér á landi á viðhorfum bænda til uppgræðslustarfs. Með því að gera svipaða könnun á ný myndast góður grunnur til að bera saman breytingar, ef einhverjar eru og bæta við fleiri kvörðum til að mæla breytingar á viðhorfum, þekkingu, hugarfarsbreytingu og ánægju með árangur og samstarf um uppgræðslu. Einnig þarf að fá samanburð við bændur sem taka ekki þátt í BGL verkefninu. Almennt gildir að viðhorf ráða miklu um gerðir, og breytingar á viðhorfum er því mikilvægur mælikvarði á árangur samstarfsverkefna um uppgræðslu og aðrar landbætur.

Landslag og landslagsgerðir í Vatnajökulspjóðgarði

Háskólasetrið á Hornafirði, Nýheimar, 780 Höfn

Tengiliður: Þorvarður Árnason, thorvarn@hi.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Þjóðgarður, landslagsgreining, landslagsflokkun, verndargildi.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að skilgreina helstu landslagsheildir og landslagsgerðir sem fyrirfinnast í Vatnajökulspjóðgarði með skipulegum og heildstæðum hætti. Byggt verður á niðurstöðum og aðferðafræði verkefnisins "Íslenskt landslag – flokkun og verðmætamat".

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Landslag í Vatnajökulspjóðgarði er víða stórbrotið og sérstakt og er því talið búa yfir miklu verndargildi, á landsvísu og jafnvel heimsvísu. Helstu landslagsheildir og landslagsgerðir innan þjóðgarðsins hafa þó ekki enn verið skilgreindar, enda hefur til skamms tíma skort aðferðafræði á Íslandi til þess að takast á við slík verkefni. Innan verkefnisins "Íslenskt landslag – flokkun og verðmætamat" (Íslenska landslagsverkefnið) hefur á allra síðustu árum verið þróuð aðferð til að greina og flokka landslag og er ætlunin nú að beita þessari nýju aðferðafræði til að efla skilning á því landslagi sem fyrirfinnst innan

þjóðgarðsins; hvers konar landslag hér um ræðir, hversu fjölbreytt það er, hvað gefur því sérstöðu og hversu hátt verndargildi það hefur. Sjá nánar skýrsluna Íslenskt landslag – Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni (Þóra E. Þórhallsdóttir o.fl., 2010).

Líf í tjörnum á Suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Vatnajökulspjóðgarður - Suðursvæði, Skaftafell, 785 Örafi

Tengiliður: Regína Hreinsdóttir, regina@vatnajokulsthjodgardur.is

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að kanna tegundasamsetningu og þéttleika smádyra í tjörnum á Suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Ljósmyndasafn Gunnars Gunnarssonar

Stofnun Gunnars Gunnarssonar, Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir

Tengiliður: Skúli Björn Gunnarsson, skuli@skriduklaustur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Að flokka og skrá ljósmyndasafn Gunnars Gunnarssonar (GG) sem varðveitt er á Skriðuklaustri.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Ljósmyndasafn GG telur um 1000 ljósmyndir sem hafa verið skannaðar en eftir er að flokka þær og skrá inn í gagnagrunn.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Gunnar Gunnarsson tók ekki mikið af myndum sjálfur. Frá árunum 1915-1920 eru þó til albúm með fjölskyldumyndum sem hann tók sem eru mjög forvitnileg frá sjónarhóli ljósmyndara þar sem um er að ræða skyndimyndir án uppstillinga í anda þess sem við þekkjum í dag. Meirihlutinn af myndasafninu er frá hinum og þessum ljósmyndurum, erlendum og innlendum, blöðum og tímaritum og þarfnast því töluverðrar yfirlegu og rannsóknna til höfundargreiningar. Einnig er vitað

að bæði hérlendis og erlendis eru til fleiri myndir sem gaman væri að ná í safnið.

Lækjalontur á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargata 10, 740 Neskaupstað (í samstafi við Vatnajökulsþjóðgarð)

Tengiliður verkefnis: Skarphéðinn G. Þórisson, skarphedinn@na.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Lækjalontur á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Markmið verkefnis í hnotskurn: Vitað er um lækjalontur í sprænum í Kringilsárrana og við Fitjahnjúk á Vesturöræfum og þær eru vafalaust á fleiri stöðum. Hvaðan komu þær, hversu lengi eru þær búnar að vera, hver er skyldleikinn innbyrðis, hvar eru þær og hversu aðskildar eru þær.

Menningartengd ferðaþjónusta

Minjasafn Austurlands, Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir, minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Menningartengd ferðaþjónusta, markaðsmál, safnastarfsemi.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Stefnumótun fyrir þann hluta starfsemi Minjasafns Austurlands sem snýr að ferðaþjónustu.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Söfn gegna fjöldamörgum hlutverkum, lögbodin eru söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun safnkostsins. Þau eru opin almenningi, bæði heimamönnum og ferðamönnum. Í dag er mikið lítið til menningartengdrar ferðaþjónustu í uppbyggingu atvinnuvega landsins og þar spila söfn klárlega stórt hlutverk. En þar sem þetta er ekki eitt af lögbundnum hlutverkum safna verður þessi þáttur oft útundan. Því væri gagnlegt að gerð yrði stefna sem tæki til þessara þátta, bæði hugsanlega

könnun á því hvað gestir vilja sjá, markaðsáætlun og eftirfylgni. Þá má þessu tengt skoða möguleika á ýmsum viðburðum, tímastjórnun, að búa til og hanna sögutengdar ferðir innan Héraðs o.m.fl.

Miðlun upplýsinga um áhrif loftlagsbreytinga

Háskólasetrið á Hornafirði, Nýheimar, 780 Höfn

Tengiliður: Þorvarður Árnason, thorvarn@hi.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Hnatrænar loftlagsbreytingar, jöklar, vistkerfi, margmiðlun, sýningar.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að þróa leiðir til að miðla upplýsingum um áhrif hnatrænna loftlagsbreytinga á íslenska náttúru til almennings, bæði á Íslandi og erlendis. Sérstök áhersla verður lögð á jöklabreytingar á Suðausturlandi og hvernig þær geta e.t.v. nýst sem "skólabókardæmi" um þróun þessara mála. Gert er ráð fyrir að miðlunin fari a.m.k. að hluta til fram í gegnum veraldarvefinn.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Hnatrænar loftlagsbreytingar eru líklega erfiðasta og um leið flóknasta umhverfisvandamálið sem mannkynið stendur frammi fyrir. Áhrif þessara breytinga eru víða mjög sýnileg á Íslandi, ekki síst hvað jökla landsins varðar, og því áriðandi að upplýsingum um slík áhrif sé miðlað með vönduðum hætti til almennings. Veraldarvefurinn er kjörinn vettvangur til að miðla slíkum upplýsingum, en einnig yrði hugað að möguleikum til að nýta gestastofur og aðra sýningaraðstöðu innan Ríkis Vatnajökuls, t.a.m. fyrir námshópa og ferðamenn.



Minkur og refur í Skaftafelli

Vatnajökulsþjóðgarður - Suðursvæði, Skaftafell,
785 Öræfi

Tengiliður: Regína Hreinsdóttir,
regina@vatnajokulsthjodgardur.is

Markmið verkefnis í hnotskurn: Minkar og refir í Skaftafelli og á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, útbreiðsla þeirra, þéttleiki dýra og hegðun á svæðinu.

Ranaskógur á Héraði, áhrif umhverfisþátta á vöxt og viðgang skógarins

Skógrækt ríkisins, Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir

Tengiliðir: Ólafur Eggertsson, olie@skogur.is,
Esther Ösp Gunnarsdóttir, esther@skogur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Fornveðurfar, árhringir trjáa, birki, reyniviður, Austurland, skógar
Markmið verkefnis í hnotskurn: Markmið verkefnisins er að kanna áhrif umhverfisþátta á vöxt og viðgang birkis og reyniviðar í Ranaskógi á Fljótsdalshéraði. Tekin verða kjarnasýni úr völdum saman við m.a. veðurfarsgögn. Rannsóknin gefur upplýsingar um aldur, vöxt og viðgang skógarins. Ranaskógur er einn fegursti og beinvaxnasti birki-skógur landsins, þar sem reyniviður er algengur.

Rannsókn á polmörkum ferðabjónustu í Skaftafelli

Vatnajökulsþjóðgarður - Suðursvæði, Skaftafell,
785 Öræfi

Tengiliður: Guðmundur Ögmundsson,
gudmundur@vatnajokulsthjodgardur.is

Markmið verkefnis í hnotskurn: Sambærileg rannsókn við þá sem Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl. hafa verið að gera víða um land. Eitt af meginmark-

miðum þessarar könnunar gæti verið að greina þörfina fyrir önnur tjald- og útivistarsvæði innan þjóðgarðsins, t.a.m. hversu mikil uppbygging á að vera á því svæði. Minni þjónusta eða meiri o.s.frv.

Rjúpnaveiði á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Náttúrustofa Austurlands, Mýrargata 10, 740 Neskaupstað (í samstarfi við þjóðgarðsvörð á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs).

Tengiliður verkefnis: Skarphéðinn G. Þórisson,
skarphedinn@na.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Rjúpnaveiðar á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og áhrif Snæfellsfríðlands á þær.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að meta áhrif Snæfellsfríðlands á rjúpunna á Fljótsdalsöræfum – Verður þéttleiki rjúpna meiri innan fríðlands en utan?

Bagrúnnur/lýsing: Með nákvæmri skráningu á rjúpnaveiðinni í nágrenni fríðlandsins er kannski hægt að meta áhrif fríðlandsins á rjúpunna.

Safnfræðsla

Mínjasafn Austurlands, Laufskógar 1,
700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir,
minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Safnafræði.

Bagrúnnur, lýsing á verkefninu: Söfn gegna fjöldamörgum hlutverkum, lögboðin eru söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun safnkostsins. Þau eru opin almenningi, bæði heimamönnum og ferðamönnum. Safnafræði tekur til allra þessara þátta og hér, eins og í öðrum söfnum, er hægt að gera raunhæf verkefni út frá þeim. Safnfræðsla, sýningargerð, söfnunarstefna, grísun safnkostsins, markvissar rannsóknir og margt margt fleira er þar hægt að rannsaka og vinna.

Saga Gunnarshúss á Skriðuklaustri

Stofnun Gunnars Gunnarssonar, Skriðuklaustur,
701 Egilsstaðir

Tengiliður: Skúli Björn Gunnarsson,
skuli@skriduklaustur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Húsið á Skriðuklaustri.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka og skrásetja söguna á bak við Gunnarshús, aðdraganda, framkvæmdir og breytingar.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Bygging Gunnarshúss og heimkoma Gunnars skálds til Íslands 1939 vakti gríðarlega athygli á sínum tíma. Allt að 100 manns komu að því að reisa húsið á sex mánuðum. Húsið var hannað af þekktum þýskum arkitekt, Fritz Höger, en bygging hans Chile-Haus í Hamborg bíður þess að komast á heimsminjaskrá. Sagan kringum kaup Gunnars á Skriðuklaustri, heimkomuna, hönnun hússins, byggingarframkvæmdir og hvernig viðtökurnar voru í samfélaginu hefur aldrei verið rannsökuð til fulls. Til eru bréfaskipti Gunnars við Íslendinga frá þessum tíma og ýmis önnur gögn. Auk þess eru nokkrir þeir sem unnu að byggingu hússins enn á lífi og hægt væri að taka viðtöl við þá. Þá væri hægt að rekja breytingar á húsinu til dagsins í dag. Tilvalið verkefni fyrir sagnfræðing eða byggingarlistfræðing.

Sameining sveitarfélaga - reynsla annarra

Þekkingarnet Austurlands og Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Tengiliður: Stefanía G. Kristinsdóttir,
stefania@tna.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Að kanna leiðir sem farnar hafa verið í sameiningu sveitarfélaga í öðrum löndum? Hvaða leiðir hafa verið farnar til að viðhalda þjónustu við íbúa, sjálfsmynd byggða-

kjarna og dreifbýlis, félags og þróunarstarfi á jaðarsvæðum?

Markmið verkefnisins í hnotskurn: Byggt á hugmyndum um sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag verði skoðað með hvaða hætti sjálfsmynd og sérstöðu ólíkra bæjarkjarna er viðhaldið í sameiningu sveitarfélaga í öðrum löndum/svæðum.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Markmiðið er að taka saman þekkingu og „best practice“ á sameiningu sveitarfélaga í öðrum löndum og svæðum. Slík þekking gæti nýst í sameiningarviðræðum og tengdri stefnumótunarvinnu. Einnig er mikilvægt að kanna með hvaða hætti slík vinna á Íslandi hefur verið unnin hingað til. Nýleg sameining sveitarfélaga í Fjarðabyggð er nærtækt dæmi.

Kannað verði hvernig uppbygging á samfélagsmiðstöðvum, heilsugæslu, námsverum og þekkingarsetrum getur komið til móts við íbúa. Hvernig stjórnsýsla er byggð upp í stærra sveitarfélagi, hvaða þjónusta minnkar og hvar? Hvernig er stutt við áframhaldandi samfélagsþróun og bæjarbrag? Hvaða áhrif hafa slíkar breytingar á sjálfmynd íbúa og samfélagsins? Hvernig er hægt að byggja upp samstöðu og heild í kringum nýtt sveitarfélag? Hvaða áhrif hafa slíkar sameingar á hlutverk ríkis og sveitarfélags og hvaða breytingar verða á stjórnsýslu sveitarfélaganna og sameiginlegu stöðkerfi þeirra í gömlu kjördæmunum á Íslandi?

Sigfús Sigfússon og þjóðsögur hans

Mínjasafn Austurlands, Laufskógar 1,
700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir,
minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Þjóðfræði, þjóðsögur, Sigfús Sigfússon, þjóðsagnasöfnun

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að kanna frekar þjóðsagnasafn Sigfúsar Sigfússonar út frá mismunandi rannsóknarspurningum.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Sigfús Sigfússon var merkur maður, lítið menntaður og vann

fyrir sér sem lausamaður alla tíð. Hann hafði óþrjótandi áhuga á þjóðsögum, aðallega austfirskum og safnaði þeim saman. Þær hafa verið gefnar út og innihalda mörg bindi. Þörf er á gagngerum rannsóknum á sögum hans og er hægt að nálgast þær útfra mörgum sjónarhornum og leggja upp mismunandi rannsóknarspurningar. Mætti þar skoða flokkunarkerfi hans, sögurnar út frá landsvæðum og staðháttum, mismunandi sögur, skoða kynjafræðilegan vinkil kynjaveranna og svo mætti lengi telja.

Skriðuklaustursumboð

Stofnun Gunnars Gunnarssonar, Skriðuklaustur, 701 Egilsstaðir

Tengiliður: Skúli Björn Gunnarsson, skuli@skriðuklaustur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Jarðasaga Skriðuklausturs

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka og skrásetja sögu Skriðuklaustursumboðs frá siðaskiptum til loka 19. aldar.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Skriðuklaustur átti ríflega 40 jarðir vítt og breitt um Austurland þegar það var lagt af og konungur tók yfir eignir þess við siðaskipti. Umboðsmenn konungs fóru með jarðaumsýsluna fram til loka 19. aldar og voru oft á tíðum einnig sýslumenn og sátu á Skriðuklaustri. Mismiklar heimildir eru til skráðar um þessa umboðsmenn og jarðirnar en full ástæða til að rannsaka þetta efni þar sem það getur bætt ýmsum brotum inn í sögu Skriðuklausturs almennt. Ekki hafa verið unnar ítarlegar rannsóknir á svona jarðumboðum annars staðar á landinu. Vitað er að sumir umboðsmennirnir voru dæmdir fyrir að ræna eignum meðan aðrir voru þekktir fyrir góðmennsku. Tilvalið verkefni fyrir sagnfræðing.

Sköpunarþörf og íslenskt bændasamfélag

Minjasafn Austurlands, Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir, minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Sköpun, útskurður, hannyrðir, bændasamfélag.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að rannsaka sköpunarþörf mannsins í fátæku bændasamfélagi Íslands á 18. og 19. öld.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Í Minjasafni Austurlands er varðveittur fjöldi fagurra muna sem hagleiksfolk fyrri alda gerði. Þrátt fyrir að Ísland hafi verið mjög harðbýlt og lífsbaráttan erfið, fólk rétt tórði og skilin milli lífs og dauða voru oft á tíðum harla þunn, þá virðist þörf mannskeppunnar til að skapa hafa dafnað hérlendis eins og annars staðar. Safnkostinn þarf að rannsaka og kortleggja út frá þessum pælingum. Skoða m.a. hversu mikil "list" sé fölginn í þessum munum eða hvort að hér sé eingöngu um haglega gerða muni að ræða. (Sbr. í dag muninn á list og handverki).

Útbreiðsla lúpínu

Vatnajökulspjóðgarður - Suðursvæði, Skaftafell, 785 Örfæfi

Tengiliður: Regína Hreinsdóttir, regina@vatnajokulsthjodgardur.is

Markmið verkefnis í hnotskurn: Kortlagning lúpínu í Skaftafelli og samanburður við fyrri rannsóknir.

Vegvísar í uppbyggingu þekkingarstarfs

Þekkingarnet Austurlands, Tjarnarbraut 39e, 700 Egilsstaðir

Tengiliðir: Stefanía Kristinsdóttir, stefania@tna.is og Guðrún Á. Jónsdóttir, gudruna@tna.is

Meginviðfangsefni verkefnis: Að skoða árangur af starfsemi Þekkingarnets Austurlands og annarra símenntunarmiðstöðva og árangur af uppbyggingu fræðasetra á landsbyggðinni og meta hvað er líklegt til að skila bestum árangri.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að greina hvernig starfsemi Þekkingarnets Austurlands getur skilað sem mestum árangri í uppbyggingu á náms-tækifærum og þróun fræðastarfs á Austurlandi.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Á síðustu árum hefur orðið bylting í framboði á námstækifærum, einkum frá háskólum fyrir fólk á landsbyggðinni. Á Austurlandi hefur aðstaða til að stunda nám batnað með uppbyggingu námsvera og ýmskonar stoðþjónustu. Rannsóknatengt starf hefur einnig aukist og er sumstaðar reynt að mynda tengsl milli þessara geira.

Gera þarf úttekt á því hvaða leiðir, aðferðir og umhverfi eru líklegastar til að skila árangri í uppbyggingu námstækifæra á háskólastigi og ýmskonar símenntun í dreifbýli m.a. með því að skoða reynslu innanlands og erlendis. Meta hvaða leiðir eru líklegar til að skila árangri í uppbyggingu þekkingarstarfs á Austurlandi og hvort og hvernig fræðasetur og önnur rannsóknatengd starfsemi á svæðinu og háskóla nám/starfsemi geta tengst stutt hvort annað.

Viðhorf til fjarnáms á háskólastigi

Þekkingarnet Austurlands, Tjarnarbraut 39e, 700 Egilsstaðir

Tengiliðir: Stefanía Kristinsdóttir, stefania@tna.is og Laufey Eiríksdóttir, laufey@tna.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Kanna viðhorf nema til fjarnáms á háskólastigi.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Kanna viðhorf og reynslu nemenda af að stunda fjarnám á háskólastigi.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Töluverður fjöldi fólks hefur nú lokið eða stundar fjarnám á háskólastigi á Austurlandi og á landinu öllu. Kanna þarf viðhorf þess og reynslu af slíku námi. Hvað í náminu gaf góða raun og hvað gekk verr. Hvaða aðstæður og stuðningur er æskilegur fyrir fjarnema til að gera þeim kleyft að stunda sitt nám. Hvernig meta þeir gæði námsins og þjónustu skóla og símenntunarmiðstöðva. Hvernig hefur þekking og færni sem aflað var með fjarnámi nýst að námi loknu.

Þéttbýlismyndun – fyrstu ár Egilsstaðabæjar og sjálfsmynd íbúa

Minjasafn Austurlands, Laufskógar 1, 700 Egilsstaðir

Tengiliður: Elfa Hlín Pétursdóttir, minjasafn@minjasafn.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Þéttbýlismyndun, efnismenning, Egilsstaðir, sérhæfing starfa.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að skoða myndun Egilsstaða og sjálfsmynd íbúanna.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Hægt væri að taka viðtöl við fólk sem telst vera hluti af "frumbyggjum" Egilsstaða, þær væntingar sem það hafði til hins nýja bæjar, sjálfsmynd þeirra sem bæjarbúa og í raun þá þróun alla.

Þróun ævintýraferðamennsku í ríki Vatnajökuls

Háskólastréð á Hornafirði, Nýheimar, 780 Höfn

Tengiliður: Þorvarður Árnason, thorvarn@hi.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Þjóðgarður, ferðamennska, fjallamennska, ævintýraferðir, jöklaferðir.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Að þróa vörur og þjónustu á sviði ævintýraferðamennsku, einkum í tengslum við fjöll og jökla á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og nærliggjandi svæðum. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Ríki Vatnajökuls – ferðaþjónustu-, matvæla- og menningar-klasa Hornafjarðar.

Bakgrunnur, lýsing á verkefninu: Sívaxandi fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim, fyrst og fremst til þess að eiga þess kost að upplifa íslenska náttúru. Þetta skapar margvísleg tækifæri í nýsköpun fyrir ferðaþjónustuaðila og er hvati til að sækja fram á ný svið, t.a.m. innan ævintýraferðamennsku (Adventure Tourism). Verkefnið snýst um að vinna með ferðaþjónustuaðilum að þróun og framkvæmd slíkra hugmynda, einkum hvað varðar göngu- eða klifurferðir, um fjöll og/eda jökla, í stórbrotnu fjallalandslagi Hornafjarðar.

Öskjugosið árið 1875. Dreifing og þykkt gjósku á Héraði

Skógrækt ríkisins, Miðvangur 2-4, 700 Egilsstaðir

Tengiliðir: Ólafur Eggertsson, olie@skogur.is,
Esther Ösp Gunnarsdóttir, esther@skogur.is

Megin viðfangsefni verkefnis: Jarðfræði, Askja, öskulög, Austurland, skógar, birki, kolefnisbinding.

Markmið verkefnis í hnotskurn: Markmið verkefnisins er að kanna dreifingu og þykkt síru gjóskunnar sem féll á Fljótsdalshérað við eldgos í Öskju árið 1875. Einnig verður kannað hversu mikil jarðvegsmyndun hefur átt sér stað eftir að gjóskan féll. Valin verða svæði innan skóga (t.d. Hallormstaðarskógur, Ranaskógur, Eiðar) og utan skóga. Einnig er markmiðið að mæla uppsöfnun kolefnis í jarðvegi (síðustu 135 árin).



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stofnanir - Fyrirtæki	3
Háskólasetrið á Hornafirði	3
Heilbrigðisstofnun Austurlands - HSA	3
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	3
Héraðs- og Austurlandsskógar	3
Kaupvangur á Vopnafirði	4
Landgræðsla ríkisins, héraðssetur.....	4
Mátís Ohf	4
Minjasafn Austurlands	4
Náttúrustofa Austurlands	4
Skálanessetur ehf	5
Skógrækt ríkisins.....	5
Skólaskrifstofa Austurlands	5
Stofnun Gunnars Gunnarssonar	5
Vatnajökulsþjóðgarður Austursvæði.....	5
Vatnajökulsþjóðgarður Suðursvæði	6
Þekkingarnet Austurlands	6
Þórbergsssetur	6
Verkefnahugmyndir	7
Áburðartilraun, prófun ýmissa áburðartegunda og aðferða	7
Bæjarstaðaskógur	7
Efnismenning bændasamfélagsins	8
Ferðamenska utan hefðbundins ferðamannatíma á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.....	8
Fjölkjarnasamfélagið Austurland	8
Fólk, samfélag og hugarfar á Norðausturlandi 1850–1900	9
Framvinda gróðurs við Brúarjökul.....	9
Fræðastarf á Austurlandi	9
Greining tækifæra í vetrarferðaþjónustu á Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs	10

Greining tækifæra í vetrarferðaþjónustu á Snæfellsöræfum og/eða í Kverkfjöllum.....	10
Gunnar Gunnarsson og kalda stríðið	10
Gæði lerkiviðar, rúmþyngd, styrkur og slitþol.....	10
Gæsaveiðar innan Þjóðgarðs	11
Handverk	11
Heiðargæs á Fljótsdalsöræfum	11
Hreindýr á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.....	12
Hreindýraveiðar á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.....	12
Kjarval og Hvammurinn	12
Könnun á viðhorfum bænda til uppgræðslu.....	12
Landslag og landslagsgerðir í Vatnajökulsþjóðgarði.....	13
Líf í tjörnnum á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.....	13
Ljósmyndasafn Gunnars Gunnarssonar	13
Lækjalontur á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs	14
Menningartengd ferðaþjónusta	14
Miðlun upplýsinga um áhrif loftslagsbreytinga.....	14
Minkur og refur í Skaftafelli	15
Ranaskógur á Héraði, áhrif umhverfisþátta á vöxt og viðgang skógarins	15
Rannsókn á þolmörkum ferðaþjónustu í Skaftafelli.....	15
Rjúpnaveiði á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.....	15
Safnfræðsla.....	15
Saga Gunnarshúss á Skriðuklaustri	16
Sameining sveitarfélaga - reynsla annarra.....	16
Sigfús Sigfússon og þjóðsögur hans	16
Skriðuklaustursumboð	17
Sköpunarþörf og íslenskt bændasamfélag	17
Útbreiðsla lúpínu	17
Vegvísar í uppbygginu þekkingarstarfs	18
Viðhorf til fjarnáms á háskólastigi	18
Þéttbýlismyndun – fyrstu ár Egilsstaðabæjar og sjálfsmynd íbúa	18
Þróun ævintýramennsku í ríki Vatnajökuls.....	18
Öskjugosið árið 1875. Dreifing og þykkt gjósku á Héraði.....	19

www.tna.is




*Bæklingurinn er gefinn út af Bæklingarneti Austurlands í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á Austurlandi.
Vaxtarsamningur Austurlands styrkti verkefnið.*

Hönnun og prentun: Héraðsprent, Egilsstöðum.



Pekkingarnet Austurlands

www.tna.is



Á Austurlandi eru óþrjótandi rannsóknarefni

Þar er fjölbreytt náttúra frá jökli til strandar: Grónir dalir með skóglendi, vötn, ár, fossar, hálendissvæði, hrikaleg fjöll, djúpir firðir og strendur. Lífríki er fjölbreytt á sjó og landi og jarðfræði margslungin.

Á Austurlandi eru margskonar byggðarlög: Landbúnaðarhérað, sjávarpláss, verslunar- og þjónustumiðstöðvar, ungir bæir, gamlir rótgrónir bæir og afskekkt smásamfélög. Byggingaþróun á Austurlandi, atvinnuhættir að fornu og nýju og framtíðarmöguleikar eru endalaus viðfangsefni.

Saga byggðanna, lífsbarátta fólksins, bókmenntir, menning, menntun, listir og handverk, sjálfsmynd og hefðir ásamt mörgu öðru er efniviður til margvíslegrar úrvinnslu og rannsókna.

